

## Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, nr. 14/2020, og lögum um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunaraskyldu, nr. 20/2021 (ESB-endurbótalýsing o.fl.).

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Hallgrímsson frá fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Engar umsagnir bárust um málið.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, nr. 14/2020, sem fela í sér innleiðingu á reglugerð (ESB) 2021/337 frá 16. febrúar um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/1129 að því er varðar ESB-endurbótalýsingu og markvissar aðlaganir fyrir fjármála- milliliði og tilskipun 2004/109/EB að því er varðar notkun á sameiginlega rafræna skýrslu- sniðinu fyrir árleg reikningsskil, til að stuðla að endurbótum í kjölfar COVID-19-hættu- ástandsins. Að auki eru lagðar til breytingar á lögum um upplýsingaskyldu útgefenda verð- bréfa og flöggunaraskyldu, nr. 20/2021, sem ætlað er að tryggja að hugtakanotkun og vísanir á milli laga samræmist lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021.

Þær breytingar sem lagðar eru til, og leiðir af reglugerðinni, snúa annars vegar að því að gefa lánastofnunum svigrúm til að styðja við fyrirtæki sem þurfa á fjármögnun að halda vegna efnahagsáhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru. Hins vegar er kveðið á um nýtt, tíma- bundið og styttra form lýsingar, svokallaða ESB-endurbótalýsingu, sem er ætlað að auðvelda endurfjármögnun í kjölfar heimsfaraldursins og tryggja að kröfum um samræmda, einfalda og auðskiljanlega upplýsingagjöf sé fullnægt.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Jóhann Páll Jóhannsson og Guðbrandur Einarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Steinunn Þóra Árnadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins en ritar undir álitnið með heimild í 2. mgr. 29. gr. laga um þingskóp Alþingis.

Alþingi, 31. mars 2022.

Guðrún Hafsteinsdóttir,  
form., frsm.

Kristín Hermannsdóttir.

Diljá Mist Einarsdóttir.

Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir.

Steinunn Þóra Árnadóttir.